

Félag austfirskra kvenna í Reykjavík



Ársskýrsla 2023-2024

Mars 2024

Inngangur

Á aðalfundi Félags austfirskra kvenna í Reykjavík árið 2023 var kosið í stjórn félagsins.

Úr stjórn gengu Björg Blöndal formaður, Guðný Þorvaldsdóttir, M. Guðný Sölvadóttir og Pálína Karlsdóttir.

Herdís Pétursdóttir, Margrét Unnarsdóttir og Oddný Vala Kjartansdóttir gáfu kost á sér áfram í stjórn og fjórar félagskonur til viðbótar buðu sig einnig fram.

Í stjórn voru því kjörnar, til næstu tveggja ára:

Oddný Vala Kjartansdóttir, formaður
Margrét Fríða Unnarsdóttir, varaformaður
Kristín Ásbjarnardóttir, gjaldkeri
Halla Kjartansdóttir, ritari
Bjarney Aðalheiður Pálsdóttir, meðstjórnandi
Herdís Pétursdóttir, meðstjórnandi
Kristín Hjartardóttir, meðstjórnandi

Stjórnin hefur haldið 10 stjórnarfundum á milli aðalfunda, til undirbúnings fyrir viðburði félagsins.



Stjórn FAKÍR 2023 – 2024: Halla, Herdís, Kristín Á., Kristín H., Oddný Vala, Bjarney og Margrét.

Starfsemin á milli aðalfunda

Félagið stóð fyrir sjö kaffifundum á milli aðalfunda. Fundirnir voru haldnir fyrsta mánudag í apríl, maí, september, október, nóvember og desember árið 2023 og svo í febrúar 2024.

Margt var til gamans gert á fundunum. Allir flytjendur tónlistar, söngs og fræðslu gáfu vinnu sína og sýndu félaginu mikinn velvilja og stuðning. Flest þeirra eiga tengingar austur á land.

Eins og venjulega var fundarhlé í júní, júlí og ágúst og haldið svo áfram í september. Einnig var gert fundarhlé í janúar. Mjög góð mæting var á alla fundi félagsins á starfsárinu.

Októberfundurinn var óvenjulegur þar sem félagið tók að sér aðstoð við Albert Eiríksson matgæðing frá Fáskrúðsfirði vegna umfjöllunar í jólablaði Húsfreyjunnar. Félagskonur bökuðu dýrindis kræsingar sem voru uppistaðan í umfjölluninni og fékk félagið fína umfjöllun í blaðinu. Silla, ljósmyndari fyrir blaðið, tók fallegar myndir af kræsingunum og nýtti í myndatökunni alls konar jóladót sem stjórnin útvegaði. Fundurinn var því með jólalegu yfirbragði þó í október væri. Á þennan fund mættu ríflega 80 konur og var salurinn troðfullur.

Jólafundurinn var einnig stór fundur og gaf af sér góðar tekjur. Jólahappdrættið var vinsælt að vanda enda vinningarnir fjölmargir og glæsilegir.

Sem fyrr gefa félagskonur veitingar á kaffihlaðborð félagsfundanna en í ljósi þess að ekki reynist alltaf auðvelt að manna kaffinefnd fyrir hvern fund ákvað stjórnin þegar leið á árið að kaupa eina stóra tertu á hvert hlaðborð. Það kemur til móts við framlag sjálfbóðaliða hverju sinni. Stjórnarkonur hafa einnig hlaupið undir bagga með veitingar þegar þess hefur þurft.

Starfsemin er sem fyrr í Grensáskirkju en færðist í aðal safnaðarsal kirkjunnar, sem er bjartari og nýrri og hentar starfseminni vel. Fer vel um félagið þarna og vonandi fáum að eiga þarna skjól sem lengst. Kirkjan er afar miðsvæðis og hentar staðsetningin því vel.

Félagatal

Félagar í félaginu teljast þeir sem greiða árgjald til félagsins ásamt þeim félagskonum sem hafa náð 90 ára aldri og eru því undanþegnar árgjaldi.

Þegar ný stjórn tók við þá voru um 70 konur skráðar í félagatal félagsins en nokkur óvissa var um áreiðanleika félagatalsins, þ.e. hversu margar greiðandi félagskonur væru í félaginu, í ljósi þess að lítið sem ekkert félagsstarf var á COVID-19 tímum og því eðlilega mjög litlar heimtur af félagsgjöldum. Fór starfið í félaginu í raun ekki aftur af stað fyrr en haustið 2022 og fór þá hægt af stað.

Nú er 71 félagskona skráð í félagið, 58 greiðandi og 13 gjaldfrjálsar. Aldursdreifing félagskvenna hefur jafnast mjög mikið á árinu og er yngsta konan í félaginu 53ja ára og sú elsta 100 ára.

Fjölmargir gestir hafa einnig mætt til einstakra funda, án þess að ganga í félagið. Gestum fylgir innkoma í formi aðgangseyris og hefur þeim verið vel tekið enda vonandi um framtíðar félagskonur að ræða.

Fjárhagur

Á árinu hefur fjárhagur félagsins vænkast nokkuð enda verið góð mæting á félagsfundi og sala miða í jólahappdrætti gekk vel. Aðgangseyrir að kaffihlaðborði, árgjöld og happdrætti/bingó eru aðal tekjulindir félagsins.

Örlítill hækkun varð á salarleigu við það að færast í nýrri salinn en samkomulagið við kirkjuna er engu að síður hagstætt. Allar tekjur félagsins renna til góðgerðamála, að frádregnum föstum

kostnaði félagsins, svo sem salarleigu og kaffikostnaði. Reynt hefur verið að leita allra leiða til að reka félagið með lágmarkskostnaði.



Góðgerðir félagsins á milli aðalfunda

- Veittur var 100 þúsund króna styrkur til söfnunar Rótarýklúbbs Norðfjarðar til styrktar þeim sem urðu fyrir tjóni vegna snjóflóðanna í Neskaupstað í mars 2023.
- Félagskonur prjónuðu fullan kassa af sjúkrabílaböngsum fyrir sjúkrabílinn á Vopnafirði en bangsarnir eru hugsaðir til gjafa til barna sem þurfa á sjúkraflutningi að halda.
- Hafður var frammi kassi á fundum þar sem félagkonur gátu gefið föt eða annað til þeirra sem minna mega sín.
- Hringskonur fengu að selja varning sinn til styrktar Barnaspítalasjóði Hringsins á nóvemberfundinum. Safnaðist töluverð upphæð á fundinum í þetta góða málefni.

Stjórnin tók ákvörðun um að hvíla styrkjaúthlutanir á meðan einblínt var á það að fjölga félagskonum og renna betri stoðum undir starfið. Það er jú árgjöld félagskvenna og aðgangseyrir að félagsfundi sem leggja grunninn að tekjum félagsins og ef aðsókn og áhugi eykst á félaginu þá skilar það sér fljótt í auknum tekjum.

Minningarsjóður

Sala minningarkorta hefur dregist mikið saman undanfarin ár. Engu að síður verða minningarkortin áfram til sölu á meðan einhver framlög berast í hann.

Sigurbjörg Bjarnadóttir fyrrverandi formaður félagsins hefur umsjón með minningarkortasölnunni og þeim sjóði og færir stjórnin henni bestu þakkir fyrir.

Stuðningur við starf félagsins

Allir sem komu fram á fundum félagsins á milli aðalfunda gáfu sína vinnu. Flest þeirra hafa tengingar austur á land og sýndu félaginu einstakan velvilja og stuðning með framlagi sínu. Kann félagið þeim öllum innilegar þakkir fyrir.

Þetta eru:

- Jóna Svandís Þorvaldsdóttir og dætur hennar Sara Lovísa og Silja Katrín Gunnarsdóttir – söngur
- Davíð Thoroddsen Guðjónsson - gítarleikur
- Sólmundur Friðriksson - gítarleikur og söngur
- Hildur og Agnes Sólmundsdætur - söngur
- Ásgerður Guðmundsdóttir, sjúkraþjálfari – fræðsluerindi um hreyfingu
- Elísabet Reynisdóttir – fræðsluerindi um þætti sem stuðlað geta að bættri líðan
- Jólabjöllurnar - söngur
- Sr. Alfreð Örn Finnsson – erindi á jólafundi
- Benný Sif Ísleifsdóttir – upplestur
- Jóna Hallgrímsdóttir - harmonikkuleikur
- Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir – erindi um formæður

Fjárfstyrkir og framlög til félagsins

Sólmundur Friðriksson gaf andvirði sölu geisladisks síns á maífundinum, alls kr. 10.000,-.

Útgerðarfélagið Vísir gaf 10 þúsund krónur í styrk vegna haustferðar félagsins sem átti að fara til Grindavíkur. Sú ferð frestaðist vegna óveðurs og mun styrkurinn nýtast í fyrirhugaða vorferð félagsins í staðinn.

Loðnuvinnslan gaf 100 þúsund krónur vegna aðalfundar félagsins.

Beiersdorf á Íslandi og Halldór Jónsson – heildverslun gáfu snyrtivörur til félagskvenna sem nýta átti í vorferð félagsins en þar sem henni var aflýst vegna veður þá voru gjafirnar gefnar á jólafundinum í staðinn.

Halla Kjartansdóttir gaf félaginu hönnun og uppsetningu á vefsíðu fyrir félagið og öll rekstrargjöld af henni til eins árs.

Margar félagskonur, velviljaðir einstaklingar og fyrirtæki gáfu vinninga í jólahappdrætti félagsins. Vinningarnir voru fjölmargir og mjög glæsilegir. Eins hafa fjölmargar konur lagt til veitingar á fundi og stutt við félagið á einn eða annan máta.

Það er félaginu afskaplega dýrmætt að eiga svona marga að sem sýna félaginu stuðning í verki með ýmsum hætti.



Stórafmæli félagskvenna

Stjórnin ákvað að gleðja allar félagskonur, 60 ára og eldri, sem eiga merkisafmæli á milli funda með örlitlum afmælisglaðningi. Hver afmæliskona fékk rós, heklaðan englavæng og hlýjar kveðjur frá félaginu með þökkum fyrir þeirra framlag til félagsstarfsins. Í þeim tilfellum sem ekki tókst að afhenda afmælisglaðninginn á kaffifundum þá heimsótti formaður viðkomandi og afhenti glaðninginn persónulega. Hér má sjá nokkrar af afmæliskonum félagsins á starfsárinu.



Stefna og markmið

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar setti hún sér nokkur markmið til að stefna að í starfi félagsins og markaðar voru leiðir að þeim markmiðum. Hér verður stuttlega yfir markmiðin og stöðuna.

Markmið 1 - Að fjölga félagskonum aftur þannig að þær verði a.m.k. 100 talsins við lok kjörtímabils stjórnarinnar 2023-2025.

Greiðandi félagskonum hefur fjölgað verulega frá síðasta aðalfundi og aldurssamsetning hefur gjörbreyst. Þátttaka í kaffifundum félagsins hefur stórauðist. Stærsti fundurinn var októberfundurinn 2023, þar sem 80 konur mættu til leiks. Annars hafa um um 45-60 konur mætt

á fundina. Vefsíðan og Facebook hafa hjálpað mikið til við að auka vitneskju um félagið og laða að bæði nýjar félagskonur og gesti.

Til upplýsingar þá var fjöldi félagskvenna á 40 ára afmæli félagsins, árið 1982, 150 talsins.

Stjórnin hefur ýmsar leiðir til viðbótar uppi í erminni til að fjölga frekar í félaginu en ákveðið var að fara sér ekki of hratt í þeim efnum heldur læra fyrst á taktinn í félaginu og sjá hvernig starfsemin rúmast í nýjum sal.

Markmið 2 - Að þetta dagskrá og umgjörð kaffifundanna til að gera starfið faglegra.

Gerð var áætlun um hverja starfsönn og fundir dagsettir fram í tímann ásamt því að ákveða þema/viðburði fyrir hvern fund. Stjórnarkonur hafa skreytt salinn eftir því sem við á, t.d. fyrir októberfundinn fyrir Húsfreyjuna og fyrir jólafundinn. Fundir eru vel auglýstir og reynt er að hafa alltaf eitthvað áhugavert á dagskrá á hverjum fundi.

Markmið 3 - Að fara a.m.k. eina skemmtiferð á ári.

Búið var að skipuleggja haustferð til Grindavíkur 16. september sen hún féll niður vegna mikils óveðurs sem gekk yfir Reykjanesið. Stefnt er að vorferð 2024 í staðinn. Afleiðingar hamfaranna á Reykjanesi vegna jarðskjálfta og eldgosa og þá ekki síst í Grindavík, gerir það að verkum að ekki verður hægt að notast við þá dagskrá sem gerð var fyrir haustferðina. Áfangastaður vorferðar er óákveðinn þegar þetta er ritað.

Markmið 3 - Að auka tekjur félagsins.

Árgjaldið var hækkað úr 2.500,- krónum í 3.000,- og kaffigjaldið úr 1.500,- krónum í 2.000,-. Breytingar voru gerðar á sölu jólahappdrættismiða til að auka aðeins innkomuna þar. Miðaverð var 250,- krónur og að þessu sinni var ekki gefinn aukamiði með magnkaupum. Leitað var styrkja fyrir stærstu útgjaldaliðina.

Með fjölgun þátttakenda á félagsfundum hefur tekjuflæði félagsins batnað til muna.

Markmið 4 - Að auka fjárframlög til góðgerða, hvort sem er með peningagjöfum eða varningi.

Þetta markmið helst í hendur við liðinn hér fyrir framan. Þegar tekjurnar aukast þá eykst sú upphæð sem hægt er að veita í styrki. Sú er raunin að þessu sinni, þ.e. tekist hefur að auka tekjurnar verulega og þar með upphæðir til styrkveitinga.

Einnig voru þrjónaðar sjúkrabílabangsar sem voru gefnir til Vopnafjarðar, safnað í fatakassa fyrir bágstadda ásamt því að styðja við sölu Hringskvenna til styrktar Barnaspítalasjóði Hringsins.

Markmið 5 - Að finna samstarfsaðila sem leggja vilja góðu málefni lið.

Listi hefur verið unninn yfir velviljaða einstaklinga og fyrirtæki sem eru viljug til að gefa vinninga til happdrættis félagsins eða í bingó.

Enn á eftir að skoða hvort og þá hvernig nálgast megi fyrirtæki varðandi samstarf um ákveðna þætti í starfinu.

Markmið 6 - Að endurnýja búnað og kaupa nýjan búnað sem félagið þarf að eiga fyrir starfsemina, svo sem fyrir fundi og viðburði.

Farið hefur verið yfir búnað félagsins og sitt hvað keypt til nota á fundum, svo sem borðskreytingar, tertuspaðar og fleira. Farið er varlega í allan kostnað og reynt að nýta það sem til er eins og kostur er en jafnframt verður reynt að endurnýja smátt og smátt þann búnað sem kominn er á tíma og bæta við því sem telst nauðsynlegt fyrir nútíma rekstur.

Markmið 7 - Að gera félagið sýnilegra og gegnsærra

Vefsíðan www.austfirskar.is var sett í loftið í september 2023 og félagið hefur verið ágætlega virkt á facebook. Allir viðburðir eru auglýstir á þessum miðlum og má ætla að þessir miðlar komi félaginu vel á framfæri og laði að þátttakendum í félagsstarfinu. Gerður er viðburður á Facebook um hvern fund, sem auðvelt er að deila áfram.

Markmið 8 - Að tryggja vörslu sögulegra heimilda.

Á vefsíðu félagsins er að finna fundargerðir félagsins frá árinu 2019, myndir úr starfinu síðasta árið, lög og upplýsingar um fyrri formenn félagsins.

Búið er að skanna myndaalbúm frá Sigrúnu Haraldsdóttur og Eddu Lýðsdóttur og birta inni á síðunni. Einnig er listi yfir styrkveitingar og fréttasafn að finna á síðunni sem og almennar upplýsingar um félagið, starfsemi þess og t.d. fyrrum formenn.

Stefnt er að því að ljúka við skönnun allra myndaalbúma sem fylgdu frá fyrri stjórn fyrir aðalfund 2025.

Markmið 9 - Að besta nýtingu fjár

Unnið er eftir fjárhagsáætlun og reynt er að leita hagkæmustu leiða við allan rekstur félagsins.

Að lokum

Stjórnin hefur verið samstillt til verka á starfstímabilinu. Samstarfið hefur gengið afskaplega vel og hefur ýmsu verið áorkað, að mati stjórnar. Stjórnarkonur eru reynslunni ríkari eftir viðburðaríkt ár og hafa tekist á við margs konar ný og framandi verkefni.

Vonandi finna félagskonur fyrir auknum krafti í félagsstarfinu og eru ánægðar með þá þróun sem orðið hefur á síðustu mánuðum.

Stjórnin leggur bjartsýn og jákvæð af stað inn í síðara ár kjörtímabilsins og vonar að árið 2024 verði félaginu gjöfult og gæfuríkt svo skila megi félaginu í sem bestu standi á aðalfundi árið 2025.

Ársreikningur 2023

Félag austfirskra kvenna í Reykjavík

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur:

Kaffisala	517.500
Félagsgjöld	168.000
Happdrætti	95.250
Styrkur Vísir hf	10.000
Sala á geisladiskum Sólm.Fr	10.000
Seld minningakort	12.000

Samtals tekjur 812.750

Rekstrargjöld:

Húsaleiga	75.000
Gjafir	29.250
Styrkir	100.000
Kaffikostnaður	65.453
Áhöld	11.796
Skatturinn	2.200
Bankakostnaður	5.290
Póstburðargjöld	1.825
Óútskýrður mismunur	889

Samtals gjöld 291.703

Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði 521.047

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur	88.491
Fjármagnsgjöld	19.473

Samtals 69.018

Samtals hagnaður 590.065

Efnahagsreikningur 31. desember

Eignir

Bankareikningar:

537-26-500499	648.046
537-14-401766	445.538
Sparileið 36 mán 537-18-555162	570.310
Vaxtasproti 515-14-161347	233.019

Samtals eignir 1.896.913

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	1.896.913
Flutt frá fyrra ári	1.306.848
Hagnaður ársins/Tap ársins	590.065

Samtals eigið fé og skuldir 1.896.913